

Reykjavík, 12. apríl 2021

R21040080

Félagsmálaráðuneytið  
Skrifstofa barna- og fjölskyldumála

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar

**Efni: Umsögn Fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar um drög að tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2021-2024, 87. mál/2021.**

Fjölmeningarráð vill lýsa yfir ánægju sinni með drög að nýrri framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda sem er vönduð og tekur á mörgum atriðum sem áður hafa verið rædd og skipta innflytjendur hér á landi gífurlegu máli. Meðal framfara frá fyrra áætlun er bætt öryggi fjármagns í gegnum fjármálaáætlun ríkisins fyrir aðgerðirnar. Þá er rétt að benda á að áætluninni fylgir mat á jafnréttisáhrifum en það þarf að teljast afar mikilvægt að tengja umræðu um málefni innflytjenda betur við jafnréttishugtakið og –hugsun. Yfirfærsla á þeirri þekkingu og viðhorfi sem náðst hefur hér á málefni innflytjenda er stórt framfaraskref.

Fjölmeningarráð vill þó einnig koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og tillögum að umbótum:

Liður A.1. fjallar um stefnumótun. Fulltrúar grasrótar í fjölmeningarráði telja að hér þurfi að leggja enn meiri áherslu á að stefnumótun snúi ekki einungis að innflytjendunum sjálfum, heldur að öllu samfélaginu. Sem dæmi mætti leggja meiri áherslu á jákvæða upplifun allra af fjölmeningarsamfélagi, hjálpa þeim sem þekkja ekkert annað en einsleitt samfélag. Nauðsýnlegt er að stuðla að gagnkvæmri þróun og lærdómi. Stefnumótun sem þessi má ekki eingöngu snúast um um að efla innflytjendur, heldur allt samfélagið sbr. enska hugtakið *Intercultural Integration Policy*. Enn og aftur virðist aðaláherslan vera á innflytjendur sem þjónustupega. Hér þarf jafnréttishugsun í verki og nauðsýnlegt er að hafa frekari valdeflingu að leiðarljósi. Einnig þarf að stuðla frekar að viðhorfsbreytingum og þekkingaraukningu allra hópa í samfélaginu til að gera framlagi innflytjenda til samfélagsins hærra undir höfði og nýta þennan mannauð í þágu samfélagsins. Íslenska samfélagið þarf að læra að setja upp innflytjendagleraugun alls staðar eins og við höfum lært að setja upp kynjagleraugun alls staðar í kerfinu.

Þegar talað er um fjölmeningarsamfélagið hljómar það stundum eins og átt sé eingöngu við innflytjendur en ekki alla sem búa hér á Íslandi. Það mun ekki breytast fyrr en almennt er viðurkennt að við öll sem hér búum, Íslendingar, innflytjendur og næstu kynslóðir af erlendum og blönduðum uppruna, myndum saman þetta fjölmeningarsamfélag þar sem allir þurfa að læra og bregðast við þeim breytingum sem hafa orðið. Þegar innflytjendur eru orðnir fleiri en 50.000 þarf Ísland að skilgreina sig sem innflytjendabjód í staðinn fyrir að bregðast við stökum vandamálum.

Þannig mætti huga að fleiri aðgerðum sem snúa að jákvæðri valdeflingu með fræðsluátökum, auglýsingarherferðum sem snúa að samfélagsþróun í heild sinni þar sem ávinningur fjölmeningarsamfélagsins er kynntur.

Liður A.2. fjallar um Ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur. Fjölmenningarráðið fagnar sérstaklega áhuga á áframhaldandi eftirfylgd við tilraunarverkefni um ráðgjafarstofu, það er afar brýnt að halda þessu starfi áfram í einhverju formi.

Liður A.6. tekur á fræðslu og upplýsingum um íslenskt samfélag. Almennt skal benda á að í nýrri framkvæmdaáætlun mætti taka meira tillit til þess að samskiptaleiðir inn í mismunandi innflytjendahópa eru orðnar mjög krefjandi og fjölbreyttar og ekki dugar að huga einungis að vefsíðum og upplýsingaefni, heldur þarf einnig að skoða aðrar leiðir, t.d. samfélagsmiðla sem hafa tekið yfir sem aðalupplýsingaveitur. Þetta hins vegar er einungis hægt í beinu samstarfi við innflytjendur sem eru inni á þessum miðlum í þeirra tungumálahópum. Þó er jákvætt að horft sé til fleiri miðla en prentefnis eða vefsíðna, en á nokkrum stöðum eru t.d. nefnd kynningarmynbönd sem hafa verið í dreifingu og notkun um nokkurt skeið. Gott væri líka að skoða fleiri leiðir, til dæmis þróun leitarverkfæra á netinu en einnig mætti skoða með hvaða hætti hægt er að nálgast innflytjendur þar sem flestir leita sér upplýsinga, t.d. í facebook hópum viðkomandi tungumálahópa. Ljóst er að sérfræðipækking í nútímaupplýsingamiðlun og samskiptamiðlun er þörf. Hér þarf að ráða innflytjendur sem geta bæði metið upplýsingaþörfina og miðlað upplýsingum á jafningagrundvelli sem og með fagþekkingu.

Liður A.7. fjallar um samfélagstúlkun. Hér koma fram mikilvæg sjónarmið bæði varðandi nauðsyn þess að skýra óljósa framkvæmd um hvenær einstaklingur á rétt á túlkajónustu frá hinu opinbera en einnig hvaða kröfur er nauðsynlegt að gera til þeirra sem veita túlkajónustu. Hins vegar skal benda á að kjarni vandans er fölginn í því að launin fyrir þetta starf sem er að miklu leyti sinnt af hálfu kvenna af erlendum uppruna eru svo lág að erfitt er að gera kröfur til menntunar og fagþekkingar en taxtar geta verið allt niður í 7000 kr. brúttó fyrir tveggja tíma útkall í lausamennsku.

Í lið B. er komið inn á fjölskyldustoð:

Hér er rætt um þátttöku innflytjenda á öllum sviðum samfélagsins en hér mætti einmitt bæta við aðgerðum sem snúa að fjölbreyttri þátttöku í samfélaginu. Mikilvægt væri einnig að huga meira að lýðræðislegri og almennri samfélagslegri þátttöku innflytjenda, hvort sem það er þátttaka í kosningum eða öðrum kimum samfélagsins, eins og foreldrafélögum. Þátttaka í samfélaginu er líka t.d. að ferðast á Íslandi, að sinna fjölbreyttum áhugamálum o.s.frv. Lítið er vitað um það hvort innflytjendur eru í björgunarsveitum, í gönguhópum, kórum eða lesklúbbum þar sem þeir kynnast Íslendingum og öfugt.

Samkvæmt lið B.1. skal lögð áhersla á að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi sem og öðru tómstundastarfi og draga úr brottfarfi þeirra úr slíku starfi. Í greinargerð með framkvæmdaáætluninni kemur fram að stýrihópur sem Félags- og barnamálaráðherra skipaði í janúar 2021 muni leiða aðgerðirnar. Fjölmenningarráð fagnar þessum áherslum en vill þó áréttta mikilvægi þess að fjölbreyttur hópur sérfræðinga, þar á meðal þjálfarar sem hafa reynslu af starfi með börnum, komi að mótun slíkra aðgerða.

Liður B.2. fjallar um mikilvægi þess að efla þátttöku ungmenna af erlendum uppruna í námi og/eða starfi. Mikil hætta er á langvarandi afleiðingum fyrir ungmennin sem þurfa sérstaka aðstoð við að komast í virkni, hvort sem það er í nám eða á vinnumarkað. Fjölmenningarráð telur nauðsynlegt að framkvæmd verði víðtæk rannsókn á aðstæðum ungmenna af erlendum uppruna hér á landi svo að hægt verði að greina hvaða ástæður liggja að baki auknu brottfalli úr framhaldsskólum meðal innflytjenda. Slík rannsókn krefst heildrænnar nálgunar enda þarf að skoða marga þætti á borð við tekjur og tungumálakunnáttu. Nýlega kynnti Háskóli Íslands forritið Sprett sem miðar að því að

fjármagna skólagjöld fyrir innflytjendur sem stefna á framhaldsnám. Sambærilegt átak gæti einnig nýst þeim sem hafa áhuga á iðnnámi.

Liður B.5. varðar greiningu á högum og líðan aldraðra af erlendum uppruna, einkum með tilliti til félagslegrar einangrunar. Fjölmeningarráð tekur undir þessar áherslur og áréttar mikilvægi þess að hæfilegt fjármagn verði lagt í þá vinnu. Þá vill ráðið leggja til að einstaklingar af erlendum uppruna verði sérstaklega hvattir til að sækja um stöður sem kunna að skapast vegna greiningar á högum aldraðra af erlendum uppruna. Einnig bendir fjölmeningarráð á að fleiri þættir en félagsleg þátttaka skiptir máli fyrir þennan hóp en gera má ráð fyrir að lífeyristekjur marga séu verulega skertar vegna búsetu erlendis og mikil hætta er á fátækt í þessum hópi, mikilvægt er að efla sérþekkingu um úrlausnir og réttindi aldraðra af erlendum uppruna.

Liður C.3. fjallar um stuðning við móðurmál og virkt fjölyngi. Fjölmeningarráð fagnar jákvæðni í garð móðurmála og fjölyngis barna og ungmenna, og hvetjur jafnframt til aukinnar fræðslu og aðgerða innan skóla. Menntavísindasvið Háskóla Íslands kæmi til greina sem samstarfsaðili.

Samkvæmt lið C.4. er lagt til að íslenskunám fullorðinna innflytjenda verði gert hæfnimiðað í samræmi við evrópska tungumálarammann. Fjölmeningarráð fagnar því að bæta eigi íslenskunám fyrir innflytjendur. Til að bæta kennsluna frekar mætti einnig bjóða upp á íslenskukennslu með sérstökum námskeiðum sem taka mið að þörfum ákveðinna starfstétta, t.d. námskeið ætlað heilbrigðisstarfsfólki. Það verður að teljast með stærstu áskorunum sem íslenska samfélagið stendur frammi fyrir að í auknum mæli myndast gjá milli þeirra sem tala íslensku og þeirra sem tala ekki íslensku. Fjölmeningarráð telur að hér sé þörf á fleiri aðgerðum og auknu fjármagni inn í málaflokk sem hefur að því leyti til staðið í stað í 10 ár þrátt fyrir mikla fjölgun innflytjenda sbr. <https://www.visir.is/g/20202023401d>. Einnig hafa rannsóknir sýnt að 60% fullorðinna innflytjenda er ósátt með framboð íslenskukennslu skv. rannsóknnum frá Háskólanum á Akureyri <https://www.unak.is/is/samfelagid/frettasafn/frett/60-innflytjenda-oanaegdir-med-islenskukennslu>.

Liður D.2. miðar að því að opinber þjónusta og atvinnulífið njóti þeirrar þekkingar og reynslu sem innflytjendur búa yfir og að hlutfall þeirra í opinberum störfum og áhrifastöðum endurspegli betur lýðfræðilega samsetningu samfélagsins. Fjölmeningarráð er sammála því sem hér kemur fram en vill jafnframt áréttar að til þess að þjóna fjölmeningarlegu samfélagi þarf opinber þjónusta að hafa fólk af ólíkum uppruna í röðum starfsfólks í fjölbreyttum störfum. Með aukinni hvatningu og áherslu á starfstengt íslenskunám má auka þátttöku innflytjenda í íslensku atvinnulífi og efla möguleika innflytjenda á að ganga inn í fjölbreyttari störf. Þannig má jafnframt draga úr kröfum til íslenskukunnáttu þegar auglýst er í störf sem annars gætu hentað innflytjendum. Ef bjóða á námskeið fyrir stjórnendur þarf að leggja mikla áherslu á að kynna ávinning fjölbreytts starfshóps fyrir þá sem fara með ráðningarvald.